

Nd.

59. Frumvarp til laga

um manntal í Akureyrarkaupstað.

Flm.: Sigurður E. Hlíðar.

1. gr.

Bæjarstjórinn á Akureyri skal í októbermánuði ár hvert gera nákvæma skrá yfir alla íbúa kaupstaðarins. Á skrá þessa skal setja alla, er eiga fast aðsetur í lög-sagnarundæmi kaupstaðarins eða hafa þar dvöl. Þó skal eigi telja gesti og ferðamenn. Skal tilgreina fullt nafn hvers manns, fæðingardag, fæðingarár, stétt eða atvinnu, hvenær hann hafi flutzt til kaupstaðarins, hvar hann hafi átt heimili við síðasta manntal og hvert sé lögheimili hans, sé það annars staðar en í kaupstaðnum. Jafnframt skal tekið fram, í hvaða söfnuði maðurinn sé og hvort hann sé heyrnarlaus, daufdumbur, blindur, fábjáni, geðveikur eða öryrki á annan hátt, sé um það að ræða.

Sé einhver íbúa eigi viðstaddur þann dag, sem talið er, heldur fjarverandi á ferðalögum eða á annan hátt, skal hann engu að síður tekinn á manntalið.

2. gr.

Manntal þetta skal skráð á eyðublöð, er bæjarstjórn lætur gera. Eyðublöð þessi skulu borin í hvert hús í kaupstaðnum, og skal húseigandi eða húsráðandi sjá um, að allir íbúar hússins séu skráðir á manntalið. Skal hann og sjá um, að eyðublaðið sé útfyllt, öllum spurningum svarað, svo vel og greinilega sem kostur er á. Eyðublaðið skal útfyllt innan þess tíma, sem tiltekinn er á því, en þá verður það sótt í húsið.

3. gr.

Sérhver húseigandi eða húsráðandi er skyldur að gefa sjálfur fullnægjandi skýrslu um húsbúa sína, til afnota við manntal það, er þessi lög skipa fyrir um, eða láta annan hæfan mann, sem hann tilnefnir og hefur aðsetur í kaupstaðnum, gefa skýrsluna fyrir sína hönd. Þá er hann og skyldur að tilkynna lögreglustjóra innan tveggja sólarhringa, þegar einhver maður, er setja ber á manntalsskrá samkvæmt 1. gr., flytur í hús hans eða úr því.

4. gr.

Kostnaður við manntalið og manntalsskrána, þar með taldar bækur, eyðublöð o. fl. svo og laun aðstoðarmanna, greiðist úr bæjarsjóði.

5. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum, 50—500 krónum.

6. gr.

Með brot á lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur á fundi sínum þann 1. febr. s. l. samþykkt eftirfarandi tillögu fjárhagsnefndar, dags. 28. jan. s. l.:

„Nefndin leggur til, að bæjarstjórn fari fram á það við þingmann bæjarins, að hann reyni að fá samþykkt á Alþingi lög um manntal í Akureyrarkaupstað, tilsvareandi við lög um manntal í Reykjavík.“

Út af þessari samþykkt bæjarstjórnarinnar leyfi ég mér að bera fram á hinu háa Alþingi frumvarp þetta. Er það sniðið eftir lögum nr. 18 13. sept. 1901, um manntal í Reykjavík.

Með þessu frumvarpi er ætlað til, að tryggilegar sé gengið frá manntali en áður, sérstaklega um tilkynningarskyldu húseiganda eða húsráðanda, þegar einhver maður flytur úr eða í hús hans.

Nánar í framsögu.